

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja – Heklan

10. fundur

Þann 28. október árið 2011, klukkan 11:30 er fundur haldinn í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, fundarstaður er Eldey, Grænásbraut, 235 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Árni Sigfússon, Ásmundur Friðriksson, Sigrún Árnadóttir, Róbert Ragnarsson, Kjartan Eiríksson, Gunnar Ellert Geirsson og Berglind Kristinsdóttir.

Fjarverandi fulltrúi sveitarfélagsins Voga.

Dagskrá fundarins.

1. Drög að fjárhagsáætlun 2012
2. Skipulag Heklunnar – María Lóa.
3. Sameiginleg markaðssetning á Suðurnesjum – Dagný.
4. Samantekt á rannsóknum um vatnsból á Suðurnesjum – Dagný.
5. Önnur mál.

—

1. mál – Drög að fjárhagsáætlun 2012

Drögin voru lögð fram og rædd af stjórn. Ákveðið að leggja til að reynt verði að auka tekjuhlið félagsins með eftirfarandi hætti: verkefnaumsjón verkefna í Vaxtarsamningi, selja út þjónustu m.a. til SAR og umsjón með Menningarsamning. Jafnframt er lagt til að liðurinn Markaðsstarf verði hækkaður um kr. 2.500.000,-

—

2. Mál – skipulag Heklunnar.

María Lóa kynnti stjórn drög að skipulagi Heklunnar, verkefni og verkefnaskipting var rædd.

—

3. Mál – sameiginleg markaðssetning á Suðurnesjum

Gögn frá Dagnýju Gísladóttur voru lögð fram til upplýsingar. Fyrsti hugarflugsfundur hópsins ákveðinn 3. Nóvember. Dagný leiðir hópinn.

—

4. Mál – samantekt á rannsóknum um vatnsból á Suðurnesjum.

Lagt fram til kynningar. Dagnýju falið að halda vinnunni áfram.

—

5. Mál – Önnur mál

Erindi um náttúrustofu Reykjanes. Stjórn Heklunnar vísar erindinu áfram til stjórnar S.S.S; telur að málið eigi erindi hjá Stjórn S.S.S. þar sem um sameiginlegt verkefni sveitarfélaganna sé að ræða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:58.